

Tíðarfari og hugarfari.

14.1.29 —x—

Fyrri kafli.

Vel er mér ekki við að þurfa að verja nokkurri mínu til að skrifa um peninga til eigin þarfa. En þó er ekki annars kostur. Menn hafa ekki reynst mér betur en það enn þá. Og kæmu þó peningar ekki til greina fyrir mig, ef fullri greind væri að mæta. Eg þarf að biðja Alþingi að veita mér 20,000 kr. fyrir næsta ár. Mér er orðin mikil þörf á að greiða skuldir minnar. Það hefir verið dýrt að vera íslenskur vísindamaður. Árið sem eg varð þritugur, hafði eg t. d. neðan við 500 kr. í árstejkjur, að ferðakostnaði frá-dregnum, og hafði þó unnið verk sem talið hefir verið skapa nýtt timabil á sínu sviði („epochemachend“ er orðið sem um það hefir verið haft.)

Eg veit að 20,000 kr. mun þykja mikið fé handa mér, og til að gera veitinguna auðveldari, skal eg geta þess. að eg mun, ekki seinna en 1950, gefa annað eins til landsþarfa. Þar að auki býst eg við að svo muni geta þótt, sem hundraðfalt, eða vel það, verði launað fyrir mig, a þessu ári og hinu næsta. Óvarleg orð munu þetta virðast ekki sáum. En þó eru sumir, sem hafa veitt því eftirtekt, að mér er ekki svo mjög hætt við að skrifa það sem ekki sé mark á takandi. Ekki má skera neitt af

þeirri upphæð sem eg hefi nefnt, og það verður að veita mér hana í einu hljóði, ef tilraun sú sem hér ræðir um, á að takast til fulls. Ennfremur þurfa vinir míni að senda Alþingi þakkarávarp, ef þetta verður gert. En ef þessi aðferð yrði höfð, þori eg hiklaust að lofa eftirtektarverðum árangri. Og er ástæðan sú, að verk mitt hefir mjög viðtæka þýðingu, og því betur sem menn reynast mér, þeim mun auðveldara er fyrir góð heimsmögn, að koma hér við áhrifum sínum. Sbr. grein mína Alheimur og Ísland, í Lesbók Mbl., 3. marts. En hér er margswant, og mikil þörf fyrir að góð mögn gætu beitt sér. Það væri t. d. nógum gaman, að heyskapur yrði í sumar tvöfaldur við það sem er i meðalári. Og vírðist nú stefna til þess. En þó er hætt við að svo verði ekki, og fremur fari likt og í fyrra. Gat eg þess þá, í samskonar ritgerð, að svo mundi geta virst, sem launað yrði fyrir mig. Og að vísu varð svo. Eg fekk ekki nema nokkurn hluta þess sem eg þurfti, og landsmenn ekki heldur, þrátt fyrir óvanalega glæsilegar horfur. En ef mienn yrðu við minu máli svo sem rétt er, þá mundu höppin haldast í hendur hvaðanæfa, og ekkert komast að til að spilla.

13. mars.

Helgi Pjeturss.